

Metið áhrif jafnaðarstefnu á Íslendinga fram til 1918. (Framsaga.)

(MP) Marvin Perry. An intellectual history of modern Europe. Houghton Mifflin Company, N.J. 1993.

(ÓRE) Ólafur R. Einarsson. Upphaf íslenzkrar verkalýðfhreyfingar. Rvk. 1970, Menningar og fræðslusamband alþýðu 1887-1901.

(ÓJP) Ólafur Jens Pétursson. Hugmyndasaga. M&M, Rvk. 1989

(IS) Ingi Sigurðsson. Erlendir straumar og íslenzk viðhorf. Háskólaútgáfan, Rvk. 2006.

(GG) Gylfi Þorsteinn Gíslason. *Jafnaðarstefnan*. (Rvk. 1977, AB.)

Staðan á meginlandi Evrópu:

Framfarahugmyndir og –stefnur verða til í eftirhreytum frönsku byltingarinnar 1789, byltinganna 1830, 1848 og Parísarkommúnunni (fyrsta „ríki“ verkamanna).

Nokkrum árum eftir frönsku byltinguna sagði Francois-Noël (Gracchus) **Babeuf** (1760-1797) í dagblaðinu *Le tribun du peuple* á þessa leið:

Lýðurinn er ráðalaus um afkomu sína. Honum er ljós fátækt og ánauð sú, sem hann býr við sökum kúgunar hinnar gráðugu, ráðandi stéttar. En sú stund byltingar mun renna upp, þegar einkaeign verður numin úr gildi, þegar uppreisn hinna fátæku gegn hinum efnuðu verður nauðsyn Hamingja er hugmynd ný af nálinni í Evrópu. ... Þolum í engu fátækt og eynd í ríkinu. Kunngerum um Evrópu, að kúgarar séu óvelkomnir á franska jörð. ... Það eru forlög hinna útskúfuðu á jörðu hér að grípa stjórnartaumana. Þeirra er valdið og rétturinn að beina máli sínu til ríkisstjórna, sem virða þá að vettugi. ... Í réttlátu samfélagi eru allir jafnir. Hinir ríku, sem þráast við að veita hinum fátæku af ofgnótt sinni, eru óvinir fólksins. (PM, bls. 229)

Francois-Noël (Gracchus) **Babeuf** (1760-1797) tók þátt í uppreisn framkvæmdastjórnar frönsku byltingarinnar, studdi „sans-culottes,“ hinn fátæka verkalýð, lagði til afnám einkaeignaréttar andstætt við fyrri byltingarmenn. Beitti sér fyrir liðsafnaði til að gera uppreisn gegn byltingarstjórninni. Gerðist talsmaður jafnaðarstefnu (sósíalisma), lýðveldi meðal jafningja. Fyrir vikið var hann tekinn af lífi. (Perry, Marvin. An intellectual history of modern Europe. Houghton Mifflin Company, N.J. 1993.

<http://www.britannica.com/EBchecked/topic/47448/Francois-Noel-Babeuf> -
http://www.encyclopedia.com/topic/Francois-Noel_Babeuf.aspx)

Baráttumál jafnaðarmanna:

Réttindi: jöfnun efnalegar gæða, jöfn tækifæri, afkomuöryggi, eignaréttur, lýðréttindi (kosningaréttur, tjáningarfrelsi), lýðræði.

Baráttuleiðir: friðsamleg þróun eða vopnuð bylting.

Samfélagsgerð: Lýðveldi – áætlanahagkerfi/blandað hagkerfi – ríkisvald (alræði öreiganna)

Draumóramenn (utopian socialists) – mannvinir á nítjándu öldinni:

Tæknivæn jafnaðarhyggja (technocratic socialism)

Claude-Henri de Rouvroy, Comte de Saint-Simon (1760-1825), kom úr franskri, fátækri tignarfjölskyldu, en auðgaðist, þjónaði í franska hernum (m.a. í BNA í frelsisstríðinu, afsalaði sér aðalstíli, þegar franska byltingin gekk í garð. Skrifaði m.a. bókina *L'industrie* (1816-1818) með August Comte, sem hann hafði veruleg áhrif á. Reyndi að fyrirfara sér 1823.

Vísindi og skynsemi skyldu koma í stað kristninnar, leiðarljós samfélagsins til eflingar mannægsku, „hin nýja kristni,“ skyldi vera leiðarljós þess verðuga verkefnis að bæta kjör hinna fátækustu. Þetta urðu gátorð fylgjenda hans.

Iðnbyltingin og tæknivæðingin hefði í för með sér einstaklingshyggju, sem yrði samfélaginu að fjörtjóni. Því þyrfti að vinda bráðan bug að skapandi, sameiginlegu skipulagi samfélagsins án stéttaskiptingar og stéttabaráttu. Engu að síður skyldu iðnhöldar og viðskiptajöfrar stjórna því. Saint-Simon lagði einnig til, að ríki Evrópu mynduðu bandalag til að koma í veg fyrir stríð.

Árið 1826 fór fylgismönnum hans að vaxa fiskur um hrygg. Hreyfing varð til. Í júlíbyltingunni 1830 krafðist hún afnáms eignarréttar, erfðaréttar og réttar kvenna til jafns við karla (enfranchisement of women).

Hugmyndir Saint-Simon og lærisveina hans hafði mikil áhrif á hugsun nítjándu aldar manna, m.a. Thomas Carlyle í Englandi. Friedrich Engels taldi sig hafa fundið „vísýni snillingsins.“ Hugmyndir Saint-Simon voru fjársjóður jafnaðarsinna þeirra, er síðar komu. (<http://www.britannica.com/EBchecked/topic/518228/Henri-de-Saint-Simon>, lesið 27. jan. 2015 og Perry, Marvin. *An intellectual history of modern Europe*. Houghton Mifflin Company, N.J. 1993, bls. 230-231.)

Iðnvæðingarjafnaðarhyggja (industrial socialism)

Robert Owen (1771-1858), fæddur í Wales, taldi vísindi og iðnað geta skapað fólki hagsæld. Trúarbrögð hið gagnstæða. Sælir launþegar gætu meira af sér en vansælir. Því væri skynsamlegt og mannúðlegt að búa vel að verkafólkinu í verksmiðjum iðnbyltingarinnar. Illur aðbúnaður ylli fátækt og andlegri eynd. Hann stofnaði á þessum grundvelli til fyrirmyndarsamfélags við verksmiðju sína í Skotlandi, réð ekki börn undir tíu ára aldri, útvegaði mannsæmandi húsaskjól og menntun, stofnaði t.d. fyrstu vöggustofu/leikskóla (infant school) í Stóra-Bretlandi 1816, beitti sér fyrir nýrri gerða samfélaga, þar sem ríki ætti sátt og samlyndi en ekki samkeppni. Slíkt fyrirmyndarsamfélag stofnaði hann í Indíanaríki í BNA. En það lífi einungis skamma hríð. Fleiri voru stofnuð í heimalandi hans.

Owen lagði áherslu á samstöðu verkfólks og beitti sér fyrir sameiningu gervalls verkalýðs Englands. Einnig beitti hann sér fyrir samvinnuþorpum fyrir hina atvinnulausu um tólf hundruð manns í hverju þorpi. Slík samfélög taldi hann raunar, að mætti skapa á almennum grundvelli, þ.e. eins konar tæknivædd samyrkjusamfélög. Bæði samvinnuhreyfingin og jafnaðarmannahreyfingin sóttu innblástur til Owen.

(<http://www.britannica.com/EBchecked/topic/436254/Robert-Owen> og Perry, Marvin. *An intellectual history of modern Europe*. Houghton Mifflin Company, N.J. 1993, bls. 232.)

Sálræn jafnaðarhyggja - samyrkuhyggja (psychological socialism/Fourism)

Frakkinns *Francois-Marie-Charles Fourier* (1772-1837), taldi og samfélag væri andsnúið þörfum mannsins. Því mætti rekja eynd hans til þess. Ný samfélög, „phalanxies,“ eins konar samyrkjubú, þyrfti að skapa, sem væru mannvænni; stuðluðu af jöfnuði, leyfðu fullnægingu kynhvatarinnar og sköpuðu fjölbreytt og ánægjuleg störf. Samfélög þessi skipuðu um það bil 1600 einstaklingar. Hver einstakur uppskar eins og hann sáði til, var verðlaunaður samkvæmt því. Hjónabandið taldi hann spennitreyju á útrás eðlilegra hvata. Kynin voru jöfn að rétti. Konuna skyldi frelsa frá skyldum heimilisins, svo hún hefði tóm til að njóta lífsins. Um miðja nítjándu öldina voru samyrkjubú í anda Fourier í Frakklandi og í BNA, þar sem stofnuð voru tæp þrjátíu slík samfélög. En þau dóu út eftir nokkur ár.

(<http://www.britannica.com/EBchecked/topic/215092/Charles-Fourier>, lesið 24. jan. 2015 og Perry, Marvin. An intellectual history of modern Europe. Houghton Mifflin Company, N.J. 1993, bls. 231-232.)

Um miðja nítjándu öld:

Karls Marx og hreyfingar hans gætir æ frekar um miðja öldina. Fyrsta alþjóðsambandið verkamanna var stofnað árið 1864 í London, Annað Alþjóðasambandið í París 1889. Á seinni helmingi aldarinnar var ýmis konar klofningur í alþjóðahreyfingunni.

„Segja má, að verkalýðshreyfingin í Evrópu hafi búið við þrenns konar skipulag á árunum fram að fyrri heimsstyrjöldinni:

1)Brezka skipulagið (trade-unionisminn), þar sem verkalýðshreyfingin lagði megináherslu á að bæta aðstöðu og réttindi verkamanna með því að setja fram lagasetningar í krafti samtakamáttarins, og meiri áherzla var lögð á faghreyfinguna en stjórnmalahreyfinguna.

2)Franska skipulagið (syndikalisminn), sem lýsti sér í vantrú á stjórnmalaflokkum, en meiri trú á sjálfstæðan mátt verkalýðsamtakanna.

3)Þýzka skipulagið, sem fylgdi opinberlega kenningum Marx og áleit algera nauðsyn, að verkalýðssamtökin væru í nánum tengslum við Sósíaldemókrataflokkinn.“ 31

Verkalýðsflokkar og jafnaðarmannaflokkar

sjá dagsins ljós á seinni helmingi nítjándu aldar. Sá danski er stofnaður 1871 og sá þýski 1875. Færeyingar stofna slíkan flokk þó ekki fyrr en 1925, níu árum síðar en Íslendingar stofna Alþýðuflokkinn.

Umbrot í jafnaðarmanna- og verkalýðshreyfingunni á seinni helmingi nítjándu aldar:

Verkalýðshyggja (syndicalism)- Þjóðernisjafnaðarstefnan:

Georges Eugéne **Sorel** (1847-1922), var franskur heimspekingur og verkfræðingur. Hann boðaði eignarhald verklýðsfélaga á atvinnutækjunum (syndicalism), aðdáandi fasisma Mussolinis.

Verkalýðshyggja, þ.e. eignarhald verkalýðsfélaga á atvinnutækjunum, eins konar atvinnujafnaðarstefna, herská stefna um eignarnám verkalýðsfélaga á atvinnutækjunum, sem upphófst í Frakklandi undir lok 19. aldar. (Fanska orðið syndicat merkir verkalýðsfélag, mótað af grísku syn eða sam og dike eða réttlæti.)

„Vantreystu fylgismenn hans stjórnmalalýðræði og þingræði til þess að koma fram hagsmunamálum verkalýðsins og taldi hann verða að treysta fyrst og fremst á samtök sín, verkalýðsfélögin, sem baráttutæki. Syndikalisminn vildi því halda fast við byltingarstefnuna. Fylgismenn þessarar stefnu höfðu og ekki trú á því, að hagsmunum verkalýðsins yrði borgið með því, að ríkisvaldið skipulegði og annaðist framleiðsluna í ríki félagshyggjunnar, og var það í samræmi við hið almenna vantraust þeirra á ríkisvaldinu, heldur vildu þeir láta verkalýðsfélögin annast þetta hlutverk. Einn helzti forvígismaður syndikalismans var Frakkinn Georges Sorel (1847-1922). (GG. bls. 63.)

Hvatning Sorels til ofbeldis og fjöldaátaka, sem höfðu gildi í sjálfu sér, hafði yfir sér eins konar trúarlegt yfirbragð. Sama má segja um fyrirritningu hans á skynsemistrú og frjálsu lýðræði. Honum var ljóst að beita mætti goðsögnum, þekktum eða tilbúnum, sem verkfæri til vandbeitingar. Hugsýn hans um hið hetjulundaða siðgæði, sem upp risi á rústum hins skitna borgaralega samfélags, rættust með fæðingu fasískra hreyfinga í kjölfar fyrri heimstyrjaldar. Honum entist líf til að lýsa aðdáun sinni á Benito Mussolini, skilningi hans á þörfum ítalska lýðsins og stjórnmalalegri snilld hans.

Andríkisvaldssinnar/stjórnleysingjar (anarchists):

Frakkinn, Pierre-Joseph **Proudhon** (1809-1865), blaðamaður og frjálslyndur jafnaðarmaður (libertarian socialist) taldi, að sú eymd. sem iðnvæðingin hafði í för með sér, og sú spilling og drottun, sem fylgdi ríkisvaldinu, hyrfi í smáum samfélögum vinnandi fólks. Alþýða manna, sem vaknaði til vitundar um kúgun sína, mundi rísa upp og beita sér fyrir slíkum samfélögum. Sjálfur lifði hann alla ævi við takmörkuð efni.

Proudhon var sjálflærður, tileinkaði sér m.a. latínu, grísku og hebresku.. Í fyrstu bók sinni, sem verulega athygli vakti, *Qu'est-ce que la propriété*, er útgefin var 1840, lýsti hann því yfir, að hann væri stjórnleysingi og að eign væri þjófnaður og átti þá við eignir, sem fengnar væru með arðrání á öðrum. Proudhon gagnrýndi hugmyndir um, að framleiðslutæki vinnandi manna yrðu þjóðnýtt og sett undir „stjórn öreiganna.“ Hann var hliðhollur þeirri hugsun, að verkamenn í iðnaði byndust samtökum um reksturinn og breyttu samfélaginu þannig án blóðugrar byltingar. Proudhon dreymdi um samfélag án landamæra og þjóðríkja, þar sem valdi væri dreift milli staðbundinna samfélaga, sem lifðu saman samkvæmt frjálsum samskiptasamningum í stað laga.

Honum var stefnt fyrir þessar skoðanir sínar á fimmta áratugi nítjándu aldar. En hann hélt uppteknum hætti og deildi á valdboðstillhneigingar (authoritarian) í frönsku „byltingarsamfélagi,“ einnig í byltingunni 1848. Hann var kosinn til stofnþings Hins annars lýðveldis 1848. Hann var fangelsaður fyrir gagnrýni á Louis-Napoleon, forseta lýðveldisins, áður en sá hinn sama lýsti sig einvald eða keisara. Proudhon flúði undan ofríki og ritskoðun til Belgíu.

Proudhon var kunnugur fleiri áhugamönnum um félagslegt réttlæti, t.d. Charles Fourier og Karl Marx, sem hann átti í ritdeilum við, svo og kvenréttindafrömuðinn, Flora Tristan.

(<http://www.britannica.com/EBchecked/topic/480541/Pierre-Joseph-Proudhon/5940/Assessment>, lesið 24. jan. 2015.)

Hann sagði m.a.: „Stjórnun felur það í sér að búa við eftirlit, skoðun, njósnir, lagaboð, reglugerðir, skráningu, innrætingu, fyrirlestra, taumhald ... ritskoðun og eftirrekuskap manna, sem ekki einungis skortir umboð til þessa, heldur hafa þeir hvorki til að bera kunnáttu né dyggð. Hvað svo sem maður tekur sér fyrir hendur og í öllu því, sem milli manna fer, hverju sinni, býr sá hinn sami við, að steinn sé lagður í götu hans, að hans bíði handtaka eða endurhæfing. Með skírskotun til almenningsheilla er hann skattlagður, lagður kvöð (herþjálfun) ... arðrændur ... kúgaður, sektaður, misbeittur valdi. Þetta gera stjórnvöld, þetta er óréttlæti og siðleysi.“ (James Joll. *The Anarchists* – MP, bls. 267 – lausleg þýðing úr ensku er mín.)

Pyotr Alexeyevich Kropotkin/Peter **Kropotkin** (1842-1921), rússneskur fjölfræðingur; landfræðingur, hagfræðingur, dýrafræðingur og byltingarsinni. Hann trúði m.a. ekki á valdboðsstjórn bolsévikka undir forystu Lenins. Þess í stað taldi hann, að manningnum farnaðist best í minni samfélögum án ríkisvalds. Kropotkin túlkaði þróunarkenningu Darwins með þeim hætti, að þeim tegundum sem háðu lífsbaráttuna í samvinnu vegnaði alla jafnan best. Kropotkin er talinn frjálslýndur jafnaðarmaður (utopian socialist, libertarian socialist, anarchist). Hann afsalaði sér aðalstign og var síðar gerður arflaus af föður sínum.

Mikhail Aleksandrovich **Bakunin** (1814-1876), róttækur byltingarmaður, sem m.a. sagði: „Eyðileggingarástríðan er einnig ástríða til sköpunar.“ Hann var talsmaður ofbeldis, þ.á.m. hryðjuverka. Hann hitti m.a. Pierre-Joseph Proudhon og Karl Marx. Hann varð lærisveinn hinn fyrrnefnda en fjandi hins síðarnefnda. Bakunin tók þátt í byltingunni í París 1848. Hann skírskotaði til Slavanna um stofnun bandalags Slava. Hann hélt því fram, að alræði öreiganna myndi efla ríkisvaldið. (<http://www.britannica.com/EBchecked/topic/49654/Mikhail-Aleksandrovich-Bakunin> og Perry, Marvin. *An intellectual history of modern Europe*. Houghton Mifflin Company, N.J. 1993.)

Fabian félagið (Fabian society – evolutionary socialists, christian socialists)

Félagið var stofnað af breskum menntamönnum, þar á meðal Sidney James Well (1859-1947) og (Martha) Beatrice Webb (1858-1943) og George Bernhard Shaw 1856-1950). Félagið er róttækt þjóðmálafélag, sem við stofnun þess 1884 og naut stuðnings verkamanna þar í landi, einn af stofnendum Verkamannaflokksins (Labour Party), tengt honum í dag svo og Flokki evrópskra jafnaðarmanna (Party of European Socialists). Webb hjónin skrifuðu talsvert um hugsjónir samvinnuhreyfingar og jafnaðarstefnu. <http://www.fabians.org.uk/about/>

Margaret McMillan (1860-1931) var þátttakandi í Fabian félaginu, vann góðgerðarstörf meðal fátækra, en er sérstaklega getið sem upphafsmanns vöggustofa (nursery school) og leikskóla, þ.e. uppeldisstofnana fyrir yngstu börnin. <http://earlychildhoodhistory.weebly.com/the-nursery-school.html>

„Margaret McMillan var raunsæ hugsjónakona. Hún var fjölhæf og stórbrotin gáfukona, víðlesinn tungumálagarpur, rithöfundur og glæsilegur fyrirlesari, djörf í málflutningi og mikill málafylgjumaður. Hún var atkvæðamikill og eldheitur umbótasinni á sviði uppeldis- og félagsmála, leit á barnaheimili sem tæki til að endurbæta hið iðnvædda þjóðfélag. Hún er óvefengjanlega talin upphafsmaður nursery-skóla í Brendlandi, enda þótt Susan Isaacs (1885-1948) þróaði þá og endurnýjaði síðar.“ 92

Hún segir: „Rými, gleði gleðinnar, undir geislaflóði sólarinnar. Það er lífið sjálft og það er yndislegt... Myndir á veggjum, skápur fyrir hvert barn, ljós og litir, hljóðfæri, blóm og þar á að ríka „hugblær“ gleði og kærleika“. Þetta þykir nauðsynlegt fyrir auðmannabörn. „Börn allra stétta þurfa þess líka.“ (Valborg Sigurðardóttir. Brautryðjandinn Margaret McMillan (1860-1931). Helgi Skúli Kjartansson og fl. (ritstj.) Steinar í vörðu til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri. (Rvk. 1999, KÍ.))

Jafnaðarmennska og kvenréttindi:

Í frönsku byltingunni höfðu bæði karlar og konur gert kröfu um jafnræði karla og kvenna.

Etta Palm d'Aelders (1743-1799), hollenskur baráttumaður fyrir jafnrétti kynjanna, stóð fyrir málstofu (salon) um samfélagsmálefni í París, þar sem m.a. þinguðu verðandi leiðtogar frönsku byltingarinnar. Síðar varð hún virkur þáttakandi í frönsku byltingunni og félagi, sem stofnað var til að vinna að jafnrétti kynjanna (Société fraternelle de l'un et l'autre sexe. Défenseurs de la Constitution/Fraternal Society of Patriots of Both Sexes Defenders of the Constitution). Stofnandi var Claude Dansgard.

Louise-Félicité Guynement de Kéralio (1757-1821), franskur rithöfundur og þýðandi og þáttakandi í jafnréttisfélagi, eftir frönsku byltinguna. (Société fraternelle de l'un et l'autre sexe. Défenseurs de la Constitution/Fraternal Society of Patriots of Both Sexes Defenders of the Constitution). Hún ritstýrði m.a. fjórtán binda safnverki franskra kvenrithöfunda á árunum 1786-1789.

Mary **Wollstonecraft** (1759-1797), var breskur baráttumaður fyrir kynjajafnrétti. Skrifaði m.a. í *Vindication of the Rights of Women* (1792):

„Svo fremi, að karlmenn myndu af veglyndi sínu læsa okkur úr læðingi, og gera sér að góðu samneyti í skynsemi í stað þrælslundar undirgefni af kvenna hálfu, væru þær athugulli dætur, alúðlegri systur, tryggari eiginkonur og skyni gæddari mæður – í einu orði sagt, betri borgarar. Við myndum þá unna þeim í sannleika, vegna þess, að við myndum læra að meta okkur að verðleikum.“ (MP, bls. 283, lauslega snarað af mér.)

Claire Lacombe (1765 - ?), franskur byltingarsinni og leikkona, kölluð öðru nafni Rauða-Rósa, stofnaði m.a. Félag lýðveldissinnaðra kvenna (Société des Republicanines-Révolutionnaires/Society of Revolutionary Republican Women) 1793, ásamt Pauline Léon (1768-1838). Hún tók virkan þátt í bardögum í París.

Pauline Léon (1768-1838), franskur byltingarsinni og baráttumaður fyrir jafnrétti kynjanna, stofnaði m.a., ásamt leikkonunni, Claire Lacombe (1765 - ?), Félag lýðveldissinnaðra kvenna (Société des Republicanines-Révolutionnaires/Society of Revolutionary Republican Women) 1793. Sömuleiðis varð hún leiðtogi kvenöreiga (Femmes Sans-Culottes) sama ár. Pauline var virkur þáttakandi í jafnréttisfélagi, eftir frönsku byltinguna. (Société fraternelle de l'un et l'autre sexe. Défenseurs de la Constitution/Fraternal Society of Patriots of Both Sexes Defenders of the Constitution).

Flore-Celestine-Thérèse-Henriette Tristan-Moscoso Chazal/**Flora Tristan** (1803-1844), móðir hennar var frönsk, faðir fæddur í Peru af spænskum ættum. Flora var róttækur fræðimaður í anda frönsku jafnaðarhyggjumannanna um miðja nítjándu öldina (utopian

socialists). Hún var áhugasöm um jafnrétti kynjanna og taldi, að frelsun kvenna væri samstiga frelsun öreiganna. Talin meðal hinna fyrstu kvenréttindafrömuða (feminist).

Staðan á Íslandi:

Skilgreiningar – framfarastefnur:

Grímur Thomsen. Fréttir er ná til nýárs 1846. Skírnir, 20. árg. KH. **1846**, bls. 15.

„Þessir eru nú allir í flokki með „jafnaðarmönnum“, sem halda fram trúar og samvitskufrelsi, frístjórnir, jöfnuði meðal manna í öllu sem verður, jafnvel eigum og auðæfum.“ (IS, bls. 239)

Valdimar Ásmundsson. „Sósíalistar (jafnaðarmenn) og aðrir umbótamenn.“ Fjallkonan, 2. árg. Rvk **1885**, bls. 85.

„Samfara inum miklu framförum í verklegum efnum vaknar hvarvetna nýtt andlegt líf. Einstakir atgervismenn rísa upp og draga að sér stóra flokka, er fylgja fram nýjum skoðunum með miklum áhuga, benda á ný ráð til að bæta alla innri bresti mannfélagsins, efla jöfnuð og bróðerni mannanna á milli, útrýma fátækt og ómensku og gera alla sæla. Pólítískur flokkar, verkamannaflokkar, sósíalistar, nihilistar, eða hverju nafni sem þeir nefnast, vinna allir að inu sama marki og miði, að benda þjóðunum á nýja vegu farsældar og framfara.“ (IS, bls. 240-141.)

Einar Benediktsson. „Jafnaðarmennska.“ Dagskrá, 1. árg., 20. feb. **1897**, bls. 231.

Það ber og margt til þess, að þessi sterkasta menningahreifing vorrar aldar hefur látið mjög lítið bera á sjer úti á Íslandi enn sem komið er. Fyrst og fremst erum vjer harla afskekktir frá heiminum ... einnig vegna óskyldleika í andlegu lífi Íslendinga og annara þjóða af sama eða líku kyni, er hafa sjálfar skipað sjer stjórn og fjelagsvöld, hvort heldur þau voru betri eða verri en þau sem sett hafa verið yfir þessa þjóð! Auk þessa hefur þörfin á jafnaðarmennskunni heldur ekki fundist hjer eins rík og knýjandi eins og víðast annars staðar um heim, vegna sveitalöggjafar þeirrar er gildir hjer á landi og vegna þess að ofríki auðmagnsins lætur svo lítið bera á sjer meðal hinna fátæku Íslendinga.“ (IS, bls. 242.)

Þórólfur Sigurðsson. „„Réttur.““ Réttur, 1. Árg. Akureyri **1915**, bls. 10.

Fyrsta er jafnaðarmennskan (samtök socialista), Verkamanafélögin eru einn þáttur hennar. Annað er kenning Henry George's (1839-1897) um breytingar á skattafyrirkomulaginu ... Þriðja er samvinnustefnan. Hún er alþektust og hefir verið reynd í einstöku greinum, einkum og verzlunar- og viðskiftasviðinu.“ (IS, bla. 271.)

Skilgreining jafnaðarstefna:

Ólafur Friðriksson (1886-1964). Dagsbrún 1.ár. 10. júlí 1915, bls. 1.

„Socialisme heitir á hinum skandinavisku málunum stefna sú eða kenning, sem nú er orðin málvenja að kalla jafnaðarstefnuna á íslenzku. Ekki eru það við [Alþýðuflokksmenn], sem stefnu þessari erum fylgjandi, sem valið höfum nafnið, en við látum okkur það vel líka, úr því það er komið inn í málið, þótt eflaust hefði mátt finna annað nafn, er enn betur næði hugtakinu, og því síður ylli misskilningi.“ (IS, bls. 239.)

Sigurður Sigurðsson. „Alt með gát.“ Dagsbrún, 1. árg. 34. júlí 1915, bls. 10.

„Kenningar jafnaðarmanna hafa fyrir nokkru borist hingað á „vængjum vindarins“, en ekki náð neinni festu fram að þessu. Og þó held eg, að Íslendingar, öll alþýða, sé jafnaðar sinnuð, þegar öllu er á botninn hvolft. En þótt svo væri nú, þá er kenningin flestum lítt kunn. Og sumir hafa horn í síðu hennar með fram eða mest vegna ókunnugleika. Fyrir því varðar miklu, að kenningin sé flutt öfgalaust, og þann veg, að ekki valdi misskilningi.“ (IS, bls. 245.)

Jón Skýri. „Á jafnaðarstefnan við á Íslandi?“ Dagsbrún, 1. árg. 17. júlí 1915, bls. 5.

„... [jafnaðarstefnan] er aðferð til þess að koma svo góðu lagi á framleiðsluna að allir, sem vilja vinna, geti haft fyllilega nóg fyrir sig að leggja; svo ekki standi það í vegi fyrir að menn geti verið hamingjusamir. Spurningin var því, að réttu lagi, þessi: Á það við á Íslandi, að allir hafi nóg fyrir sig að leggja, svo þeir geti búið í heilnæmum og fögrum hóbýlum, klæðst vel og smekklega, hafi nóg á borð að bera, og geti veitt sér og börnum sínum þá þekkingu og listanauts sem bezt á við hvern einstakan? Skyldi þetta eiga síður við á Íslandi en annarsstaðar? (IS, bls. 246.)

Stefnuskrá jafnarmanna:

Úr „stefnuskrá íslenskra jafnaðarmanna“ Dagbrún, 1. árg. 17. júlí, bls. 7.

„Markmið það er vér stefnum að, er bezta tryggingin fyrir viðhaldi íslensks þjóðernis, og bezta vörn sjálfstæði voru, því þegar öllum líður vel efnalega, þá hefir hver einstaklingur svo mikið að missa, að þjóðin líður fyr undir lok, en að hún láti erlent vald undiroka sig.

Frægð Forn-Íslendinga var aðeins sem „leiftur um nótt“. En frægð og framtíðarmenning þjóðar vorrar skal verða sem albirta íslenskrar sumarsólar, sem aldrei gengur undir. Ekki til þess að vér getum miklast af því, heldur til þess, að það sé oss, og óbornum Íslendingum, ævakandi hvöt til þess að neyta allra krafta vorra til þess sem gott er. Saga Íslands er fyrst að byrja.“ (IS, bls. 249.) (Að mestu samín af Jónasi Jónssyni frá Hríflu og Ólafi Friðrikssyni.)

Baráttuaðferðir jafnaðarmanna:

Ólafur Friðriksson. „Jafnaðarstefnan.“ Dagsbrún 1. árg. 10. júlí 1915.

„Það eru þrjú vopn, sem við einkum ætlum að veða með, til þess að útrýma fátæktinni, þ.e. með samvinnufélagsskap, verklýðsfélögum og með því að hafa áhrif á löggjöf og stjórn landsins, þar með talin áhrif á sýslu- og sveitastjórnir.

Þessi vopn eru þau sömu og skoðanabræður vorir víðs vegar um hnöttinn veða með, er þeir berjast fyrir því sama, hver í sínu landi, er við berjumst fyrir.“ (IS, bls. 247.)

Alþýðuflokkurinn – sérstæðni hans:

Nýr stjórn mála flokkur. Hvað hann er og hvað hann vill ... Rvk. 1917, bls. 17.

„Þó þeir, sem stofnað hafa Alþýðuflokkinn, séu aðallega sjávarmenn, þá eru landbúnaðarmál engu síður áhugamál flokksins en sjárvarútvegsmál, fyrst og fremst af því, að flokkurinn berst ekki fyrir málum neinnar sérstakrar stéttar, heldur allrar alþýðunnar. ... Enda er óhugsandi að

bæta kjör verkamenna og sjómanna að mun, án þess að kjör alþýðunnar í sveitinni sé [svo] bætt jafnframt. (IS, bls. 250.)

Alþýðuflokkurinn. Nýr stjórnmalaflokkur. Hvað hann er og hvað hann vill ... Rvk. 1917, bls. 17.

„Þó takmark jafnaðarmanna um allan heim sé alstaðar hið sama: að útrýma fátæktinni (aðallega með því að gera þau af framleiðslutækjunum, sem mikilvægust eru, að þjóðareign), þá eru stefnuskrár jafnaðarmanna í hinum ýmsu þjóðlöndum frábrugðnar hver annari vegna frábrugðinna staðhátta. Stefnuskrá vor Íslenzku jafnaðarmanna – Alþýðuflokksins – er því að ýmsu leyti frábrugðin stefnuskrá enskra, norskra og danskra jafnaðarmanna, af því öðruvísi hagar til í löndum þessara skoðanabráðra vorra, en hér á landi.“ (IS, bls. 250-251.)

Stéttaproski – félagsproski verka- og iðnaðarmanna:

Gestur Pálsson, rithöfundur og ritstjóri segir í fyrirlestri „Lífið í Reykjavík.“ 19. nóv. 1888:

„Iðnaðarmannaflokkurinn hér er eflaust sú rólegasta iðnaðarmannastétt, sem til er í nokkrum höfuðstað undir sólinni. Erlendis eru þessir iðnaðarmenn alt af að hugsa um stjórnarbyltingar og alt af að gera samtök og „skrúfur“. Svo er forsjóninni fyrir að þakka, að hér er enginn byltingarhugur í mönnum. Iðnaðarmenn hér forðast öll samtök til að bæta hag sinn, eins og heitan eldinn. Þó leitað væri um víða veröld með logandi blysi, þá mundi ekki nokkurs staðar finnast stétt, sem er eins fjarri því í öllu að vera samtaka eins og iðnaðarmennirnir í Reykjavík. Hver reynir af fremsta megni að skara eld að eigin köku og um leið – fá náungans köku. Hver baukar sér og hver sveltur sér, ef til kemur. Í einu geta þeir þó orðið samtaka, óafvitandi, og það er að reyna til að toga skóinn niður af einhverjum stéttarbróður, sem þeim þykir vegna betur en sjálfum þeim, og níða hann – í laumi náttúrlega En langflestir iðnaðarmenn eiga bággt, enda er það ekki að undra, þar sem hér hefir verið hið mesta atvinnuleysi fyrir iðnaðarmenn í mörg ár, og þeim hefir þó alt af verið að fjölga. Og þó er eins og engum detti í hug, að eina ráðið er að taka höndum saman og reyna til að bjarga sér með félagsskap.“ (ÓRE, bls. 35.)

Einar Benediktsson í Dagskrá 31.okt 1896:

„Ef verkamennirnir færu að halda saman, mundu auðmennirnir vanda sig betur og græða það á dugnaði og fyrirbyggju, sem þeir vinna nú á ódýrleik allra starfmannanna við framleiðslu og iðnað. Og því fyrr sem félagsskapur verkamanna byrjar, því fyrr kemst hinn starfandi, arðberandi kraftur í þjóðinni til þeirra valda, sem honum ber með réttu, jafn hér eins og annars staðar í heimi.“ (ÓRE, bls.103.)

Verkalýðshreyfing:

Fyrir aldamót [1900] höfðu þrjár meginstarfsstéttir íslenzks atvinnulífs, sjómenn, daglaunamenn og iðnaðarmenn, stofnað skipulögð samtök. Starf stéttarsamtakanna bar ekki hátt í umróti samtímans, en launastéttirnar höfðu kvatt sér hljóðs. Eðlilegt er að telja árabilið 1887-1901 fyrsta tímabilið í sögu íslenzkrar verkalýðshreyfingar. Því má skipta í minni tímasteið: Bernskuskeið verkalýðshreyfingarinnar 1887-90 og skipulagsskeið þriggja meginstarfsstéttanna 1894-1901. Þó er rétt að benda á, að í apríl 1897 eru mörkuð tímamót. Næsta tímabil sögu íslenzkrar verkalýðshreyfingar nær til þess, er Verkamannafélagið

Dagsbrún var stofnað í janúar 1906, og til stofnunar Verkamannasambands, er fylgdi í kjölfarið. (ÓRE, bls. 92.)

Kvenréttindi og verkalýðsbarátta:

„Þegar fyrir aldamót [1900] höfðu komið fram kröfur hérlendis um sömu laun karla og kvenna fyrir sömu vinnu en sú krafa féll í skuggann fyrir öðrum kröfum í kvennabaráttunni. Forystukonur fyrir pólitískri réttindabaráttu kvenna voru úr efri þrepum þjóðfélagsstigans og raunar nátengdar valdastéttum. Þetta blæddi alþýðukonum í augum og þær höfðu ekki neina tröllatru á að höfðingjafrúr beittu sér fyrir launajafnrétti. Þó studdi Kvenréttindafélagið (áður Hið ísl. kvenfélag) stofnun fyrsta stéttarfélags þeirra á Íslandi (1914) en það var verkakvennafélagið Framsókn.“ (OJP, bls. 239)

Niðurstaða

Jón Ólafsson og Einar Benediktsson létu í ljósi þá skoðun um aldamótin nítján hundruð, að bæta þyrfti hag verkamanna; kaupgjald og aðbúnað. Vafalítið má telja þá undir áhrifum frá erlendum hugmyndastraumum. Báðir hafa fylgst með umræðum. Jón þýddi t.a.m. bók John Stuart Mills, frelsið.

Samvinnuhreyfingin skaut rötum á seinni helmingi aldarinnar, augljóslega fyrir ytri áhrif.

Hugmyndir frjálslyndra jafnaðarmanna eru unnu að kvenfrelsi og bættem aðbúnaði fátækra kann að hafa fengið hljómgrunn á Íslandi, m.a. við stofnun kvenréttindahreyfingarinnar og með áherslum á líknarmál og uppeldismál, þó varla að ráði fyrir en nokkuð var liðið á tuttugustu öldina. Bók ofangreinds, Um kúgun kvenna, var þýdd um aldamótin 1900 (kom þó allöngu síðar út).

Verkalýðshreyfingin varð einnig til fyrir augljós áhrif, ættuð austan hafs og vestan. Það er í samræmi við niðurstöðu Ólafs R. Einarssonar:

„Aukin blaðaskrif um félagsskap verkamanna og hagkvæmar ytri aðstæður hafa því hjálpað að við að gera mögulega stofnun samtaka meðal verkafólks á síðustu áratugum 19. aldarinnar. Án landnáms nýrra framleiðsluhátta, myndunar bæja og verkalýðsstéttar við sjávarsíðuna og erlendra áhrifa, sem einstakir forystumenn höfðu orðið fyrir, eða blaðaskrifa, sem kynntu verkalýðshreyfingu, - án þessara forsendna hefðu ekki risið upp stéttarsamtök á Íslandi fyrir aldamótin 1900.“ (ÓRE, bls. 113.)

Flokkaskipun varð með öðrum hætti á Íslandi, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn tók það rými, sem verkamannaflokkar eða kristilegir lýðræðisflokkar hafa á meginlandinu og á Norðurlöndum. Alþýðuflokkurinn var aldrei svipur hjá sjón miðað við skylda flokka erlendis. Sjálfstæðisflokkurinn boðaði eins og sumar hreyfinga jafnaðarmanna – þar með taldir þjóðernisjafnaðarmenn, þ.e. nasistar og fasistar - stéttlaust samfélag, þar sem hagsmunir allra stétta færu saman. Áhrifa frá þjóðernisjafnaðarstefnu gætti líka við stofnun þjóðernishreyfingar og –flokks (nasistaflokks) á Íslandi.

Framsaga 8. apríl.

Metið áhrif jafnaðarstefnu á Íslendinga fram til 1918.

Niðurstaða

Jón Ólafsson og Einar Benediktsson létu í ljósi þá skoðun um aldamótin nítján hundruð, að bæta þyrfti hag verkamanna; kaupgjald og aðbúnað. Vafalítið má telja þá undir áhrifum frá erlendum hugmyndastraumum. Báðir hafa fylgst með umræðum. Jón þýddi t.a.m. bók John Stuart Mills, frelsið.

Samvinnuhreyfingin skaut rötum á seinni helmingi aldarinnar, augljóslega fyrir ytri áhrif.

Hugmyndir frjálsslyndra jafnaðarmanna eru unnu að kvenfrelsi og bætum aðbúnaði fátækra kann að hafa fengið hljómgrunn á Íslandi, m.a. við stofnun kvenréttindahreyfingarinnar og með áherslum á líknarmál og uppeldismála, þó varla að ráði fyrir en nokkuð var liðið á tuttugustu öldina. Bók ofangreinds, Um kúgun kvenna, var þýdd um aldamótin 1900 (kom þó alllönngu síðar út).

Verkalýðshreyfingin varð einnig til fyrir augljós áhrif, ættuð austan hafs og vestan. Það er í samræmi við niðurstöðu Ólafs R. Einarssonar:

„Aukin blaðaskrif um félagsskap verkamanna og hagkvæmar ytri aðstæður hafa því hjálpað að við að gera mögulega stofnun samtaka meðal verkafólks á síðustu áratugum 19. aldarinnar. Án landnáms nýrra framleiðsluhátta, myndunar bæja og verkalýðsstéttar við sjávarsíðuna og erlendra áhrifa, sem einstakir forystumenn höfðu orðið fyrir, eða blaðaskrifa, sem kynntu verkalýðshreyfingu, - án þessara forsendna hefðu ekki risið upp stéttarsamtök á Íslandi fyrir aldamótin 1900.“ (ÓRE, bls. 113.)

Flokkaskipun varð með öðrum hætti á Íslandi, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn tók það rými, sem verkamannaflokkar eða kristilegir lýðræðisflokkar hafa á meginlandinu og á Norðurlöndum. Alþýðuflokkurinn var aldrei svipur hjá sjón miðað við skylda flokka erlendis. Sjálfstæðisflokkurinn boðaði eins og sumar hreyfinga jafnaðarmanna – þar með taldir þjóðernisjafnaðarmenn, þ.e. nasistar og fasistar - stéttlaust samfélag, þar sem hagsmunir allra stétta færu saman. Áhrifa frá þjóðernisjafnaðarstefnu gætti líka við stofnun þjóðernishreyfingar og –flokks (nasistaflokks) á Íslandi.

Spurningar:

Hvað skýrir eftirtalin ummæli Gests Pálssonar í fyrirlestri „Lífið í Reykjavík“ 19. nóv. 1888:

„Iðnaðarmannaflokkurinn hér er eflaust sú rólegasta iðnaðarmannastétt, sem til er í nokkrum höfuðstað undir sólinni. Erlendis eru þessir iðnaðarmenn alt af að hugsa um stjórnarbyltingar og alt af að gera samtök og „skrúfur“. Svo er forsjóninni fyrir að þakka, að hér er enginn byltingarhugur í mönnum. Iðnaðarmenn hér forðast öll samtök til að bæta hag sinn, eins og heitan eldinn. Þó leitað væri um víða veröld með logandi blysi, þá mundi ekki nokkurs staðar finnast stétt, sem er eins fjarri því í öllu að vera samtaka eins og iðnaðarmennirnir í Reykjavík.“

Hverju kann það að sæta, að áhrifa draumórasósíalista og kvenfrelsunarjafnaðarmanna gætti svo lítið á Íslandi um aldamótin 1900?

Hvernig stendur á því, að íslensk verkalyðshreyfing dró sérstaklega dóm að þeirri þýsku?

Lýsir stefnuskrá Alþýðuflokksins 1917 dæmigerðu viðhorfi verkalyðsflokka?

„Þó þeir, sem stofnað hafa Alþýðuflokkinn, séu aðallega sjávarmenn, þá eru landbúnaðarmál engu síður áhugamál flokksins en sjárvarútvegsmál, fyrst og fremst af því, að flokkurinn berst ekki fyrir málum neinnar sérstakrar stéttar, heldur allrar alþýðunnar. ... Enda er óhugsandi að bæta kjör verkamenna og sjómanna að mun, án þess að kjör alþýðunnar í sveitinni sé [svo] bætt jafnframt.